

Neyðarlínan ohf.
Ársreikningur
2020

Neyðarlínan ohf.
Skógarhlíð 14
101 Reykjavík

Kt. 511095-2559

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymsyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins

Hlutafélagið Neyðarlínan ohf var stofnað í október 1995. Tilgangur þess er rekstur neyðarvaktstöðvar vegna samræmda neyðarnúmerins 112, almenn svörun neyðarboða, vöktun öryggiskerfa og skyldur rekstur. Rekstur neyðarstöðvar er í samræmi við lög nr. 40/2008 um samræmda neyðarsvörum. Félagið ber einnig ábyrgð á rekstri vaktstöðvar siglinga í samræmi við lög nr. 41/2003 og Tetra neyðar- og öryggisfjarskiptaþjónustu fyrir löggæslu og aðra viðbragðsaðila, björgunarsveitir, orkufyrirtæki og fleiri.

Starfsemin á árinu

Helstu verkefni Neyðarlínunnar á starfsárinu 2020 umfram hefðbundin rekstrar- og viðhaldsverkefni voru styrking varafls alls fjarskiptakerfisins, auk áframhaldandi þetting dekkunar öryggisfjarskipta á landi og sjó sem auka þjónustugetu viðbragðsaðila, og þá jafnframt að auka aðgengi allra að 112. Einnig var áfram unnið að því að auka rekstraröryggi með tvítengingum og ljósleiðaravæðingu. Talsvert var sett upp af löggæslumyndavélu en marka þarf framtíðarstefnu um uppsetningu og nýtingu þeirra. Mikið var unnið í tölvukerfum 112 meðal annars vegna samþættingu ferla FMR og 112, og betrumbótum í upplýsingum um staðsetningu atburða.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri félagsins 40 millj. kr. á árinu 2020. Eignir félagsins námu 482 millj. kr. og eigið fé nam 249 millj. kr. í árslok 2020 samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 19,0 millj. kr.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2021, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Eignarhald

Í lok og upphafi árs voru hluthafar tveir talsins, greinast hlutir eigenda í árslok þannig:

Ríkissjóður	15.485.000
Reykjavíkurborg	3.515.000
	<u>19.000.000</u>



Staðfesting ársreiknings

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok 2020, rekstrararárangri og fjárhagslegri þróun félagsins á árinu 2020, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 12. mars 2021.

Stjórn og framkvæmdastjóri:


Ragnheiður Þórssdóttir



Bryndis Þórssdóttir


Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Neyðarlínunnar ohf.

Áritun um endurskoðun ársreiknings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Neyðarlínunnar ohf. fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstremi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð félaginu í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfssemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftifarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötvu ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötvu ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasendum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að veikja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað var fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdi óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglina um óhæði og höfum miðlað til hennar upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Reykjavík, 12. mars 2021.

Advant endurskoðun ehf.

Hinrik Gunnarsson
endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur	1.495.815.688	1.348.047.562	
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	478.499.864	444.395.769
Rekstur tækni- og fjarskiptabúnaðar		663.689.937	531.399.285
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		60.902.694	61.889.245
Rekstur húsnæðis		150.328.996	189.854.344
Rekstur varðstofu		93.906.158	86.323.526
Rekstur bifreiða		20.590.240	13.576.864
Afskriftir	5	7.325.126	8.783.306
		<u>1.475.243.014</u>	<u>1.336.222.338</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunat. og fjármagnsgj.		20.572.674	11.825.224
Vaxtatekjur		431.196	2.140.499
Vaxtagjöld		(1.730.513)	(3.417.285)
Gengismunur		(1.280.237)	(157.927)
Áhrif hlutdeildarfélags	7	25.332.638	15.728.004
		<u>22.753.084</u>	<u>14.293.291</u>
Hagnaður fyrir tekjuskatt		43.325.758	26.118.515
Tekjuskattur	4	(3.602.204)	0
Hagnaður ársins	10	<u>39.723.554</u>	<u>26.118.515</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Rekstarfjármunir	5	21.662.656	28.987.782
Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi	7	241.640.151	216.307.513
Tekjuskattseign	8	12.536.556	0
	Fastafjármunir	275.839.363	245.295.295
Birgðir		16.498.460	16.472.514
Viðskiptakröfur		110.965.148	67.683.282
Aðrar skammtímakröfur		1.308.943	1.539.774
Virðisaukaskattur, inneign		14.394.140	6.459.333
Handbært fé		62.839.271	30.574.287
	Veltufjármunir	206.005.962	122.729.190
	Eignir samtals	481.845.325	368.024.486
Eigið fé			
Hlutafé		19.000.000	19.000.000
Lögbundinn varasjóður		2.478.143	1.039.051
Yfirverð hlutafjár		89.914.713	89.914.713
Hlutdeildarreikningur		83.069.922	57.737.284
Óráðstafað eigið fé		54.366.536	25.275.953
	Eigið fé 10	248.829.314	192.967.001
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		57.610.627	88.525.517
Skuldir við tengda aðila	11	88.254.705	35.124.117
Fyrirframinheimtar tekjur		22.958.331	0
Aðrar skammtímaskuldir		64.192.348	51.407.851
	Skammtímaskuldir	233.016.011	175.057.485
	Skuldir samtals	233.016.011	175.057.485
Eigið fé og skuldir samtals		481.845.325	368.024.486

Sjóðstremisfirlit árið 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	10	39.723.554	26.118.515
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstremi:			
Afskriftir	5	7.325.126	8.783.306
Söluhagnaður rekstarfjármuna		0	(951.000)
Áhrif hlutdeildarfélags	7	(25.332.638)	(15.728.004)
Tekjuskattur	4	3.602.204	0
		<u>25.318.246</u>	<u>18.222.817</u>
Vörubirgðir, breyting		(25.946)	14.227.658
Skammtímakröfur, breyting		(50.985.842)	60.295.558
Skammtímaskuldir, breyting		4.827.939	2.088.074
		<u>(20.865.604)</u>	<u>94.834.107</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		0	(13.278.300)
Seldir varanlegir rekstarfjámunir		0	4.545.000
		<u>0</u>	<u>(8.733.300)</u>
Fjármögnumunarhreyfingar			
Skuldir við lánastofnanir, breyting		0	(73.896.381)
Kröfur og skuldir við tengda aðila, breyting		53.130.588	17.745.015
		<u>53.130.588</u>	<u>(56.151.366)</u>
Breyting á handbæru fé		32.264.984	29.949.441
Handbært fé í ársbyrjun		30.574.287	624.846
Handbært fé í árslok		62.839.271	30.574.287

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjálfa í rekstrarreikning.

b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veitri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar hún hefur verið innt af hendi.

c. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frá dregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshlut miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Áhöld, tæki og innréttningar	5 ár
Bifreiðar	5 ár

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

d. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á því verði sem svarar til hlutdeilda félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeilda í eigin fé þeirra við kaup.

e. Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

f. Birgðir

Birgðir endursöluvara eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til rýrnunar.

g. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

f. Tekjuskattur

Tekjuskattseign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun á efnahagsliðum samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og reikningsskilum félagsins hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar aðallega um tímamismun að ræða þar sem gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrr í skattauppgjöri en í ársreikningi.

Skýringar, frh.:

3. Starfsmannamál

	2020	2019
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	398.615.229	339.807.414
Launatengd gjöld	115.484.635	104.588.355
Styrkeiting vegna Covid-19 færð til lækkunar á launakostnaði	(35.600.000)	0
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>478.499.864</u>	<u>444.395.769</u>
Stöðugildi að meðaltali yfir árið	45	36
Laun framkvæmdastjóra	18.800.000	18.600.000
Laun stjórnar	7.560.000	7.560.000

4. Tekjuskattur

	2020	2019
Virkt skatthlutfall greinist þannig:		
Hagnaður fyrir skatta	43.325.758	26.118.515
Tekjuskattur samkvæmt		
gildandi skatthlutfalli	20,0%	20,0%
Hlutdeild í rekstri hlutdeildarfélags	(11,7%)	(12,0%)
Niðurfærsla tekjuskatts	0,0%	(8,0%)
Annað	0,0%	(3.500)
Virkur tekjuskattur	8,3%	(3.602.204)

5. Rekstrarfjármunir

	Áhöld og tæki	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1.1.2020	10.630.368	70.606.400	81.236.768
Stofnverð 31.12.2020	<u>10.630.368</u>	<u>70.606.400</u>	<u>81.236.768</u>
Afskrifað samtals 1.1.2020	7.821.455	44.427.531	52.248.986
Afskrifað á árinu	519.224	6.805.902	7.325.126
Afskrifað samtals 31.12.2020	<u>8.340.679</u>	<u>51.233.433</u>	<u>59.574.112</u>
Bókfært verð 1.1.2020	2.808.913	26.178.869	28.987.782
Bókfært verð 31.12.2020	<u>2.289.689</u>	<u>19.372.967</u>	<u>21.662.656</u>

6. Vátryggingaverð

Vátryggingarverð áhalda, tækja og bifreiða nam 259 millj. kr. í árslok en bókfært verð nam 22 millj. kr.

7. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi

	Eignarhlutur	2020 hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagi greinast þannig:			
Öryggisfjarskipti ehf.	25%	<u>25.332.638</u>	<u>241.640.151</u>

Skýringar, frh.:

8. Tekjuskattseign

Skatteign félagsins greinist þannig:

2020

Reiknuð skatteign í ársbyrjun	0
Breyting á mati tekjuskatts vegna 2019	16.138.760
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	(3.602.204)
Reiknuð skatteign í árslok	<u>12.536.556</u>

Tekjuskattseign skiptist þannig:	31.12.2020
--	------------

Varanlegir rekstrarfjármunir	2.189.045
Skammtímaþrófur	781.227
Yfirlænanlegt skattalegt tap	9.566.284
Tekjuskattseign í árslok	<u>12.536.556</u>

Tekjuskattseign er færð upp í ársreikningi félagsins fyrir árið 2020. Félagið var á árum áður rekið með nokkru skattalegu tapi og ekki markmið félagsins að vera rekið með hagnaði heldur að veita eins góða þjónustu og hægt er miðað við það fjármagn sem félagið hefur yfir að ráða. Nú hefur hins vegar verið skattalegur hagnaður á rekstri félagsins undanfarin ár og það er mat stjórnenda að rétt sé að færa upp tekjuskattseign og reikna tekjuskatt í rekstrarreikningi. Þetta hefur þau áhrif að tekjuskattseign hækkar um 16 millj. kr. og eigið fé um sömu fjárhæð í ársbyrjun 2020. Yfirlænanlegt skattalegt tap félagsins í árslok 2020 nemur 48 millj. kr. en nam 67 millj. kr. í árslok 2019.

9. Hlutafé

Hlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 19,0 millj. kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

10. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Lögbundinn		Yfirverð hlutafjár	Hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað	
		varasjóður	hlutafjár			eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2020	19.000.000	1.039.051	89.914.713	57.737.284	25.275.953	192.967.001	
Tekjuskattseign færð inn					16.138.760		16.138.760
Leiðrétt eigið fé 1.1.2020	19.000.000	1.039.051	89.914.713	57.737.284	41.414.713	209.105.761	
Hagnaður ársins					39.723.554		39.723.554
Tillag í lögbundinn varasj. ..		1.439.092			(1.439.092)		0
Breyting hlutdeildarreikn				25.332.638	(25.332.638)		0
Eigið fé 31.12.2020	19.000.000	2.478.143	89.914.713	83.069.922	54.366.537		248.829.314

Skýringar, frh.:

11. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félagini, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Upplýsingar um tengda aðila eru eftirfarandi:

	Seld þjónusta	Leigu- greiðslur	Vextir gjaldfærðir	Skuld
Öryggisfjarskipti ehf. 2020	1.000.000	356.404.952	1.597.668	88.254.705
Öryggisfjarskipti ehf. 2019	1.000.000	282.066.132	2.701.761	35.124.117